

29. mars 2022

Kynning fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis



Frumvarp til laga um fjarskipti

Stjórnarráð Íslands

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Megintilefni: Nýr fjarskiptapakki ESB (2018)

EECC-tilskipun (ESB) [nr. 2018/1972](#) eða *Kóðinn* er ný grunngerð sem geymir meginefnisreglur á fjarskiptamarkaði.

- Uppfærsla á eldri gerðum (e. recast), þó töluverðar breytingar og nýmæli.
- Aðildarríki ESB áttu að hafa innleitt Kóðann 21. des. 2020, en víða tafist

BEREC-reglugerð (ESB) [nr. 2018/1971](#) leysir af hólmi gildandi reglur um samstarfsvettvang evrópskra eftirlitsaðila á sviði fjarskipta.

- Þegar tekið gildi í ESB
- Verður innleidd hér með reglugerð á grundvelli laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021 samhliða gildistöku nýrra fjarskiptalaga.

Gildandi fjarskiptalög, nr. 81/2003

- Byggja einkum á eftirtöldum tilskipunum um fjarskiptastarfsemi:
 - Aðgangs- og samtengingartilskipunin, 2002/19/EB
 - Heimildatilskipunin, 2002/20/EB
 - Rammatilskipunin, 2002/21/EB
 - Alþjónustutilskipunin, 2002/22/EB
- Ýmis ákvæði gildandi fjarskiptalaga eiga rætur að rekja til **annarra** gerða ESB á sviði fjarskipta sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og munu gilda samhliða fjarskiptapakkanum, einkum:
 - e-privacy tilskipunin, 2002/58/EB
 - ákvörðun 676/2002/EB um tíðnimál
 - reglugerð ESB 531/2012 um reiki og
 - tilskipun um fjarskiptabúnað (RED) 2014/53/ESB



Kóðinn leysir þær af hólmi

Áherslur þingsályktana

[Þingsályktun nr. 32/149](#), um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033

[Þingsályktun nr. 31/149](#), um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019–2023


„Uppfærsla regluverks á fjarskiptamarkaði stuðli að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd“

„Nýtt heildarregluverk í fjarskiptum verði innleitt svo fljótt sem kostur er“

Aðdragandi

- Teymi (SRN/HVIN og Fjarskiptastofu)
- Frumvarp til nýrra heildarlaga um fjarskipti, auk þess sem uppfæra þarf reglugerðir og reglur

Lög nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu





Frumvarp – kaflaskipting

- I. kafli – Markmið og gildissvið.
- II. kafli – Umgjörð fjarskiptamála.
- III. kafli – Orðskýringar.
- IV. kafli – Heimild til fjarskiptastarfsemi.
- V. kafli – Skipulag tíðnirófsins og úthlutun tíðna.
- VI. kafli – Númer og kóðar.
- VII. kafli – Fjarskiptabúnaður.
- VIII. kafli – Aðgangur og samtenging.
- IX. kafli – Markaðir, markaðsgreiningar og kvaðir.
- X. kafli – Alþjónusta.
- XI. kafli – Skilmálar, gjaldskrár, gæði og neytendavernd.

- **XII. kafli** – Öryggi upplýsinga, fjarskiptaneta og fjarskiptabjónustu. Netöryggissveit.
- **XIII. kafli** – Friðhelgi einkalífs, fjarskiptaleynd, aðstoð við rannsókn sakamála o.fl.
- **XIV. kafli** – Neyðarsamskipti. Neyðar- og öryggisfjarskipti. Fjarskipti á hættutímum.
- **XV. kafli** – Fyrirmæli og afturköllun réttinda. Stjórnvaldssektir og viðurlög.
- **XVI. kafli** – Gildistaka o.fl.
- **Ákvæði til bráðabirgða (I–III).**

Megináherslur frumvarpsins, helstu breytingar og nýmæli 1/4

- Efnisákvæði er varða álagningu kvaða meiri að umfangi en í gildandi lögum. Mörkuðum sem afskipti eru höfð af fækkar og fleiri leiðir í boði til að draga úr kvöðum.
- Aðferðafræði við markaðsgreiningar í grundvallaratriðum óbreytt, en nýmæli að kveða á um tímafresti til að ljúka þeim.
- Hvatar til samstarfs markaðsaðila og sameiginlegra fjárfestinga við uppbyggingu innviða, þ. á m. í því skyni að stuðla að hagkvæmri uppbyggingu 5G-kerfa.
- Tryggja á aðgengi að 5G farnetstíðnum og aðstöðu fyrir senda. Frumvarpið gerir ráð fyrir fyrirsjáanleika til 15-20 ára að því er gildistíma tíðniréttinda varðar. Lagt til að opnað verði á framsal og leigu tíðniheimilda milli markaðsaðila.
- Einfaldari stjórnsýsla með samræmdu heildsöluverði fyrir lúkningu símtala og SMS á EES.

Megináherslur frumvarpsins, helstu breytingar og nýmæli 2/4

- Aukin áhersla er á aðgengi neytenda að upplýsingum og samanburði á verði og gæðum fjarskiptaþjónustu, svo og stöðlun viðskiptaskilmála.
- Lagt er til að hámarks binditími samninga um fjarskiptaþjónustu við neytendur verði lengdur úr 6 í 12 mánuði og að réttarvernd neytenda verði aukin með sérákvæði um pakkatilboð.
- Í alþjónustu felist að neytendum skuli á viðráðanlegu verði tryggður aðgangur að nothæfri netaðgangspjónustu og símaþjónustu með tilgreindum gæðum. Réttur til alþjónustu skuli einnig ná til örfélaga á stöðum þar sem þau eru með heilsársstarfsemi.

Megináherslur frumvarpsins, helstu breytingar og nýmæli 3/4

- Aukin áhersla er lögð á öryggi fjarskiptaneta með kröfum þess efnis til fjarskiptafyrirtækja og eftirlit Fjarskiptastofu út frá áhættumiðaðri nálgun þar sem sérstaklega er hugað að almannahagsmunum og þjóðaröryggi, með vísan til nýlegra [breytingalaga nr. 17/2022](#)
- Nýmæli er varðar neyðar- og öryggisfjarskipti

78. gr. frumvarpsins



47. gr. gildandi fjarskiptalaga



Lög

um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallapol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta).

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. koma átta nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtæki sem útvistar starfsemi sem nauðsynleg er fyrir virkni, vemd eða stjórnun fjarskipta skal gera um það skriflegan þjónustusamning við þjónustuveitanda. Í þjónustusamningi skal með skýrum hætti afmarka hlutverk og skyldur beggja aðila, tilgreina útvistaða starfsemi og tryggja aðgang Fjarskiptastofu að viðeigandi upplýsingum frá þjónustuveitanda vegna eftirlits á grundvelli laga þessara.

Fjarskiptafyrirtæki sem útvistar út fyrir íslenska lögsögu starfsemi sem nauðsynleg er fyrir virkni, vemd eða stjórnun fjarskipta á Íslandi skal gripa til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og mögulegt er ef hættu er talin á að útvistunin ögni rekstrarsamfellu eða fjarskiptaleynd og varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi. Ef slík útvistun veldur rofi á rekstrarsamfellu eða fjarskiptaleynd sem varðar almannahagsmuni eða þjóðar-

Megináherslur frumvarpsins, helstu breytingar og nýmæli 4/4

- Lagt er til að Fjarskiptastofa fái almenna heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á fjarskiptalögum (Kóðinn gerir ráð fyrir virkum úrræðum til handa eftirlitsaðila), en að gildandi fjarskiptalögum getur stofnunin einungis lagt á dagsektir.
- Árétta má að frumvarpið geymir ýmis nýmæli sem til þess eru fallin að auðvelda og bæta enn frekar aðstöðu stjórnvalda til að leggja mat á árangur umbóta í lagaumgjörð fjarskipta og framkvæmd hennar, reglubundið og til framtíðar.
- Ákvæði 87. gr. frumvarpsins, *Öryggishagsmunir vegna uppbyggingar fjarskiptaneta*, á ekki rætur að rekja til Kóðans, heldur byggir upprunalega á tillögum starfshóps þriggja ráðuneyta. Smávægilegar breytingar á ákvæðinu frá því sem lagt var til á síðasta þingi (151. lögb.), í samráði við UTN.



Frumvarp til nýrra heildarlaga um fjarskipti (þriðja framlagning, 2. endurflutningur)

Gildandi fjarskiptalög
Lög um fjarskipti nr. 81/2003

RED

ePrivacy

TSM
(reiki)

Tíðnimál
o.fl.

Gerðir sem
Kóðinn leysir
af hólmi

EECC tilskipunin („Kóðinn“)
European Electronic Communication Code
tilskipun ESB 2018/1972

þegar tekin
upp í EES-
samninginn*

Nýsamþykkt lög
um fjarskipti ofl.
(áfallapol)

Öryggishagsmunir
vegna uppbyggingar
fjarskiptaneta
(87. gr.)

Neyðarfjarskipti
(95. gr.)

Aukin áhersla á
öryggi fjarskipta

Annað
sem leiðir til
breytinga

Aðgangur að
landi
(34. gr.)

Veiðar við
sæstrengi
(86. gr.)

„v/Brexit“
(53., 54. gr.)

Ný lög um
Fjarskiptastofu

Samræming
hugtaka

(*) [ICD \(EECC-tilskipun\)](#) – 24.9.2021
[ICD \(BEREC-reglugerð\)](#) – 24.9.2021

Mat á áhrifum - samandregið

- Áætlað að kostnaður ríkisins geti aukist um allt að 185 millj. kr. á ári.
- Kostnaðarauki felst að öllu leyti í auknum kostnaði við starfsemi Fjarskiptastofu.
- Auknar tekjur vegna úthlutana tíðniheimilda gætu í fyrstu numið 20 millj. kr. á ári og farið hækkandi með aukinni tíðnipörf, sbr. 22. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.
- Hrein útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð er áætluð um 165 millj. kr. á ári.
- Gert er ráð fyrir því að gjaldtaka samkvæmt bráðabirgðaákvæði geti mögulega skilað 750 millj. kr. í einskiptis tekjur fyrir ríkið, þ.e. ef öllum tíðniheimildunum verður endurúthlutað við lok núgildandi gildistíma þeirra.
- Kostnaðaraukning fellur til frá þeim tíma sem frumvarpið verður að lögum. Kostnaðaraukning ársins 2022 er því háð gildistöku laganna.
- Áætluð kostnaðaraukning er ófjármögnuð í fjármálaáætlun 2022–2026.



Takk fyrir

sigrídur.r.petursdóttir@hvin.is

Meginmarkmið Kóðans

Að hrinda í framkvæmd innri markaði fyrir fjarskiptanet og -þjónustu sem mun leiða til útbreiðslu og upptöku afkastamikilla háhraðaneta, sjálfbærrar samkeppni, rekstrarsamhæfi fjarskiptaþjónustu, aðgengileika, öryggis neta og þjónustu og ávinnings fyrir endanotendur.

Að tryggja að í Evrópu sé framboð af hágæðaþjónustu sem er öllum aðgengileg á viðráðanlegu verði fyrir tilstuðlan virkrar samkeppni og valkosta, og bregðast við aðstæðum þar sem markaðurinn uppfyllir ekki þarfir endanotenda með fullnægjandi hætti og mæla fyrir um nauðsynleg réttindi endanotenda.

Kóðinn skiptist í fjóra hluta (Parts I-IV)

Ítarefni

I. hluti lýtur að umgjörðinni/almennum reglum um skipulagningu fjarskiptageirans. Þ.m.t. stofnanaumgjörð, almennar heimildir, upplýsingaöflun og samráðsfyrirkomulag, verklagsreglur sem m.a. miða að samræmdri framkvæmd á innri markaðnum (s.s. við úthlutun fjarskiptatíðnirófs, stöðlun og um beitingu úrræða), öryggi neta/þjónustu o.fl.

II. hluti lýtur að netum/netkerfum. M.a. er vikið að gjaldtöku, aðgengisrétti/kröfum um

samnýtingu aðstöðu, stýringu og skilyrðum fyrir aðgengi að/notkun á fjarskiptatíðnirófi, dreifingu og notkun þráðlauss netbúnaðar, markaðsgreiningum og aðgangskvöðum.

III. hluti snýr að þjónustu. Hann skiptist í þrjá kafla; um alþjónustukvaðir, númeraskipulag og réttindi endanotenda.

IV. hluti geymir lokaákvæði.

Meginmarkmið BEREC-reglugerðarinnar

Að stuðla að samræmdri innleiðingu og framkvæmd samevrópsks regluverks á sviði fjarskiptamarkaðar.

Ný stofngerð um evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC, Body of European Regulators for Electronic Communications), sem samanstendur af stjórn og vinnuhópum.

Með gerðinni er ennfremur sett á fót BEREC-skrifstofan (Agency for Support for BEREC), sem skal veita BEREC þjónustu og aðstoð.



Fyrri hluti meginefnisákvæða lýtur að umgjörð BERIC (markmið, verkefni, stjórn, sjálfstæði, formennska, fundahöld, atkvæðagreiðsla, vinnuhópar).

Síðari hlutinn að BERIC-skrifstofunni (stjórn, verkefni, formennska, fundahöld, atkvæðagreiðsla, framkvæmdastjóri, fjármál, starfslið).

Ítarefni

Í lokaákvæðum er m.a. fjallað um samstarf við þriðju ríki, meðferð og miðlun upplýsinga.

Þá er ákvæði um breytingar á TSM-reglugerð (ESB) 2015/2120 (50. gr.) sem kveður á um hámarksgjaldtöku eða gjaldtökupak gagnvart neytendum vegna símtala innan Evrópu og fyrir smáskilaboð.

Verkefni BERECE

Ítarefni

Aðstoð og ráðgjöf um hvers konar tæknileg atriði tengd fjarskiptum, gagnvart landsbundnum eftirlitsstjórnvöldum og stofnunum ESB.

Vera stofnunum ESB til aðstoðar við undirbúning löggjafar og mat á þörf fyrir þróun hennar.

Stuðla að samræmdri framkvæmd regluverks með útgáfu nánari leiðbeininga og miðlun viðmiða um bestu framkvæmd regluverks/eftirlits.

Fylgjast með, safna og (eftir því sem við á) birta upplýsingar.

Við tiltekna aðstæður gefur stjórn BERECE út **álit**:

- Ef upp kemur *álitaefni þvert á landamæri* eru lögbær stjórnvöld (fjarskiptaeftirlitsstofnanir) skuldbundin til að leita álits hjá stjórn BERECE og til að taka ýtrasta tillit til þess.
- Álit stjórnar BERECE geta einnig lotið að *fyrirhuguðum aðgerðum lögbærra stjórnvalda*, sem gefa þarf framkvæmdastjórn ESB kost á að veita umsögn um.

Aðlögunarþörf í samræmi við tveggja stoða kerfi EES-samningsins

Ítarefni

Leitast við að tryggja:

- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sambærilegt hlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES og framkvæmdastjórnin gegnir gagnvart aðildarríkjum ESB.
- Að fjarskiptaeftirlitsstofnanir í EFTA-ríkjunum innan EES fái fullan þátttökurétt í störfum á vegum stjórnar og vinnuhópa BEREC, svo og BEREC-skrifstofunnar, þó ekki atkvæðisrétt, en afstaða þeirra til mála verði skrásett sérstaklega í samræmi við eldri fordæmi, með vísan til 27., 32. og 33. gr. Kóðans.